

Ed.

603. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 60, 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. málsg. 14. gr. laganna orðist svo:

Ef berklaveikur sjúklingur þarfnast, að dómi læknis, vistar á heilsuhæli eða sjúkrahúsi, og hann eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, er svo efnnum búinn, að ætla má, að hann mundi líða mikið tjón á efnahag sínum eða jafnvel verða öreigi, ætti hann að standa straum af þeim kostnaði, er af slíkri vist leiðir, þá getur hann fengið ókeypis vist, lyf og læknishjálp (þar með taldar ljóslækningar) á heilsuhælum ríkisins og þeim sjúkrahúsum, sem samið hefir verið um að veita slíkum sjúklingum viðtöku.

4. málsg. sömu greinar orðist svo:

Allur sá kostnaður, sem hér er talinn, greiðist úr rikissjóði, en sérhvert sýslufélag og bæjarfélag greiði upp í hann gjald til rikissjóðs, sem nemi 2 kr. fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu.

5. málsg. sömu greinar orðist svo:

Ráðherra skal semja fyrirfram til hálfis eða heils árs í senn við þau sjúkrahús landsins, sem til þess teljast hæf að hýsa berklasjúklinga, um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra berklasjúklinga. Nú hefir styrkhæfur berklasjúklingur verið, að læknisráði, vistaður um stundarsakir á sjúkrahúsi, sem ekki hefir verið samið við í þessu skyni, vegna þess að ekki hefir náðst til annars sjúkrahúss, og er þá ráðherra heimilt að greiða fyrir hann í samræmi við samninga um dvalarkostnað á tilsvarendi sjúkrahúsi.

2. gr.

15. gr. laganna falli burt, og breytist greinatalan samkvæmt því. Jafnframt skal niður falla allur áfallinn en ógreiddur berklavarnaskattur sjúkrahúsamlaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.